ÞINGEYINGUR

Þingeyingur

Stöðugreining og forsendur tillögu um sameiningu Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar

9. mars 2021

Vefsíða verkefnisins: www.thingeyingur.is

RÁÐGJÖF

ÞINGEYINGUR

Efnisyfirlit

		Bls.
1.	Skipulag og markmið verkefnisins	5
2.	Stöðugreining	13
3.	Fjármál	34
4.	Skilabréf og álit samstarfsnefndar	52
I.	Fyrirmynd kjörseðils	54
II.	Tillaga að auglýsingu í Lögbirtingablaði	55

Fyrirvari og notkunarréttur

- Í skýrslu þessari er niðurstöðum greininga ráðgjafa lýst, sem og hugmyndum samstarfsnefndar um mögulega framtíðaruppbyggingu sveitarfélagsins verði sameining samþykkt.
- Vinnan er m.a. byggð á upplýsingum frá sveitarfélögunum, vinnu starfshópa sem samstarfsnefndin skipaði og vinnu á íbúafundum. Jafnframt var aflað gagna úr opinberum skýrslum og gagnagrunnum.
- Gengið er út frá því að gögn og upplýsingar sem aflað hefur verið séu byggð á traustum grunni og því hefur ekki verið framkvæmd sérstök áreiðanleikakönnun. Aðilar verkefnisins hafa yfirfarið skýrsluna fyrir birtingu.
- RR ráðgjöf ber ekki ábyrgð á að uppfæra efni eða niðurstöður skýrslunnar eftir birtingu.
- RR ráðgjöf ber ekki ábyrgð á túlkun eða nýtingu upplýsinga eða þeim ákvörðunum sem kunna að vera teknar á grundvelli þessa verkefnis. Öll ábyrgð vegna ákvarðana sem teknar kunna að vera á grundvelli verkefnisins, liggur hjá þeim aðilum sem þær taka.
- Notkunarréttur skilgreindra afurða verkefnisins nær til samstarfsnefndar, þ.m.t. til birtingar teikninga. Geta skal heimilda við birtingu.
- Verkefnisstjórar
  - Róbert Ragnarsson og Jón Hrói Finnsson
  - Ráðgjafi Gunnar Úlfarsson
- Teiknari á íbúafundum: Elín Elísabet Einarsdóttir. Teikningar hennar prýða skýrsluna.

RR
RÁÐGJÖF

Hverfisgata 4
101 Reykjavík
rrradgjof.is

Skipulag og markmið verkefnisins

Aðdragandi

- Skútustaðahreppur og Þingeyjarsveit eiga með sér formlegt samstarf um skipulags- og byggingarmál og brunavarnamál. Auk þess eiga þau óformlegt samstarf um ýmis fleiri verkefni.
- Með vísan í gott samstarf áttu fulltrúar Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar fundi með fulltrúum samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis og Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga í júní 2019 til að kanna aðkomu ráðuneytisins og stuðning Jöfnunarsjóðs við verkefnið.
- Í beinu framhaldi af þeim fundum var ákveðið að hefja formlegar sameiningarviðræður sem leiða til þess að tillaga um sameiningu verði lögð fyrir íbúa í atkvæðagreiðslu.

Formlegar viðræður

- Sveitarstjórnir sveitarfélaganna tveggja samþykktu í júní 2019 að hefja formlegar sameiningarviðræður í samræmi við 119. grein sveitarstjórnarlaga.
- Samstarfsnefnd var skipuð þremur fulltrúum frá hvoru sveitarfélagi. Þar að auki voru skipaðir tveir fulltrúar til vara frá hvoru sveitarfélagi og auk þess höfðu sveitarstjórar seturétt.
- Markmið viðræðnanna var að sameining leiddi til bættrar þjónustu, öflugri stjórnsýslu og auknum slagkrafti við að ná árangri í byggða-, atvinnu- og samgöngumálum.
- Stefnt var að því að samstarfsnefnd skilaði áliti sínu til sveitarstjórna fyrir lok árs 2019 þannig að hægt væri að leggja niðurstöður fyrir íbúa þeirra til ákvörðunar.
- Nefndinni var einnig falið að setja verkefninu nánari verkáætlun og tímaramma og endurskoða hana eftir því sem verkefninu vindur fram.

Skipulag verkefnisins

- Verkefnið var skipulagt sem formlegar sameiningarviðræður á grundvelli 119. gr. sveitarstjórnarlaga.
- Skipuð var samstarfsnefnd með þremur fulltrúum úr hverju sveitarfélagi, auk tveimur varafulltrúum. Sveitarstjórar unnu með nefndinni.
- Verkefninu var valið verkefnisheitið „Þingeyingur“.
- Jöfnunarsjóður sveitarfélaga veitti framlag sem hefur staðið undir öllum kostnaði við vinnslu verkefnisins.
- Samstarfsnefnd til aðstoðar voru 5 starfshópar um ýmsa málaflokka.

Skútustaðahreppur

- Helgi Héðinsson, oddviti
- Ragnhildur Hólm Sigurðardóttir
- Halldór Þorlákur Sigurðsson

Til vara:

- Friðrik Jakobsson
- Elísabet Sigurðardóttir

Sveitarstjóri:

- Þorsteinn Gunnarsson
- Sveinn Margeirsson (frá 1.8.2020)

Þingeyjarsveit

- Arnór Benónýsson, oddviti
- Margrét Bjarnadóttir
- Jóna Björg Hlöðversdóttir

Til vara:

- Árni Pétur Hilmarsson
- Sigríður Hlynur Snæbjörnsson

Sveitarstjóri:

- Dagbjört Jónsdóttir

Skipulag verkefnisins

- Heimasíða verkefnisins thingeyingur.is var sett upp til að birta þar upplýsingar og gögn um verkefnið fyrir íbúa sveitarfélaganna.
- Samhliða sameiningarviðræðum var ákveðið að vinna þróunarverkefnið Nýsköpun í norðri með stuðningi Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.
- Samhliða sameiningarviðræðum var einnig unnið að endurskoðun aðalskipulags sveitarfélaganna tveggja með hliðsjón af því að til sameiningar gæti komið.
- Skipaðir voru starfshópar til að fjalla um skilgreind málasvið í starfsemi sveitarfélaganna og áhrif sameiningar á þau. Minnisblöð starfshópa eru aðgengileg á vef verkefnisins.
- Stöðugreining byggir á vinnu samstarfsnefndar og starfshópa, upplýsinga og ábendinga frá íbúafundum og greiningu opinberra gagna.
- Haldnir voru íbúafundir í sveitarfélögunum og birtar samantektir frá þeim á vefsíðu verkefnisins.
- Verkefnisstjórar voru Róbert Ragnarsson og Jón Hrói Finnsson, RR ráðgjöf.

Starfshópar

- Hlutverk starfshópa var að greina stöðu sveitarfélaganna, meta kosti og galla og vinna hugmyndir að framtíðarsýn um mismunandi málaflokka.
- Í þeim sat starfsfólk sveitarfélaganna, kjörnir fulltrúar og aðrir þeir sem þekkja vel til í hvoru sveitarfélagi.
- Minnisblöð með hugmyndum hvers starfshóps eru birt á vefsíðunni thingeyingur.is.
- Málasvið starfshópa voru eftirfarandi:
  - Stjórnsýsla og fjármál
  - Fræðslu- og félagsþjónusta
  - Atvinnulíf, umhverfi og byggðaþróun (Nýsköpun í norðri)
  - Menningarmál, íþrótta- og tómstundamál
  - Fasteignir, mannvirki, veitur og önnur B-hlutafyrirtæki
- Þátttakendur í starfshópum voru alls 47.

Markmið verkefnisins

- Að kortleggja hugsanlegan ávinning, veikleika og helstu viðfangsefni við sameiningu sveitarfélaganna í víðtæku samráði við íbúa.
- Markmiðið er að sameining sveitarfélaganna, ef til hennar kemur, leiði til bættrar þjónustu, öflugri stjórnsýslu og auknum slagkrafti við að ná árangri í byggða-, atvinnu- og samgöngumálum.

RR RÁÐGJÖF

ÞINGEYINGUR

Stöðugreining

Mannfjöldaþróun 1998-2021

- Íbúar eru samanlagt 1.323 í mars 2021
- Á undanförnum tíu árum hefur íbúafjöldi á svæðinu haldist nær óbreyttur utan ársins 2018 þegar íbúar voru 1.455.
- Frá 2018 hefur íbúum svæðisins fækkað um 69 manns, eða um 6,3%.
- Samkvæmt miðspá Hagstofunnar myndi íbúum í sameinuðu sveitarfélagi fækka lítillega á næstu tíu árum.



RÁÐGJÖF

ÞINGEYINGUR

AÐALSKIPULAG

Atvinnulíf, umhverfi og byggðarþróun

- Miklir landkostir í Skútustaðahreppi og Þingeyjarsveit.
  - Landrými, jarðvarmi, líffræðilegur fjölbreytileiki, friðlýst svæði, náttúrufegurð.
  - Miklir möguleikar í betri nýtingu á landkostum sveitarfélaganna.
- Sveitarfélögin móta saman Atvinnu-, nýsköpunar og Umhverfisstefnu.
  - Umhverfisvitund, sjálfbær þróun, vistvænt og heilsueflandi samfélag, fjölbreytt atvinnulíf og margt fleira.
- Nýsköpun í norðri (NÍN) – samstarfsverkefni Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar.
  - 12 íbúarfundir árið 2019 – 30 íbúar í rýnihópum janúar til maí 2020.
  - 19 frumkvöðlar og 6 aðgerðastjórar tóku þátt í starfi NÍN júní til desember 2020.
- Mörg verkefni í gangi í sveitarfélögunum tveimur – mikill styrkur felst í sameinuðu sveitarfélagi.



NÝTINGAR OG VERNDAR ÁÆTLUN

Hvað er NÍN?

Í tengslum við sameiningarviðræður Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar komu sveitarfélögin verkefninu Nýsköpun í norðri á fót sem hefur að markmiði að auka nýsköpun innan svæðisins, samhliða baráttunni við loftslagsbreytingar.



Menning, tómstundir og íþróttir

- Í sameinuðu sveitarfélagi er mikil hefð fyrir menningar-, tómstunda- og íþróttalífi.
- Utanumhald um málaflokkana er ólíkt og ýmist sjá sveitarfélög, íbúar eða félagasamtök um starfsemina.
- Mikilvægt er að halda sérstöðu og einkennum.
- Áskoranir felast í vegalengdum og skipulagi samgangna.
  - Akstur vegna eldri borgara starfs, íþróttastarfs, félagsmiðstöðva, frístundastarfs.
- Fámenni, fólksflutningar og brottfall úr starfsemi er áskorun.
  - Erfitt að halda úti starfsemi félaga.
  - Starfið oft háð einstaklingsframtaki.
- Nálægð við stærra þéttbýli og fjölbreyttara framboð.
  - Þar er öflugra framboð af íþrótta-, tómstunda- og menningarstarfi.
- Ef reka á áfram öll þau mannvirki sem sveitarfélögin eiga í dag og byggja upp ný, svo sem sundlaug og áhaldahús verður það áskorun.

Menning, tómstundir og íþróttir

Hvað þarf að varast?

- Að skera niður í nafni hagræðingar.
- Mikilvægt að hafa samráð við svæðin til þess að koma í veg fyrir miðstýringu.
- Varast að jaðarsvæði verði útundan og að einn kjarni sogi allt til sín.

Hvað viljum við ekki missa?

- Sérstöðu og fjölbreytni hvers svæðis.
- Varðveita þorrablót, slægjufundi, tónleika, leiklistarstarf o.s.frv.
- Félagsheimili og félagasamtök.
- Núverandi þjónustustig. Frekar bæta og samræma.
- Montið, samvinnuna og samkenndina.
- Vörumerkin okkar. Til dæmis Mývatn og Goðafoss.

Menning, tómstundir og íþróttir

- Hvetja íþróttafélög til samstarfs.
  - Félögin efla hvort annað með samnýtingu aðstöðu og þjálfara.
  - Öflugri félög í krafti fjöldans.
- Möguleikar á akstri í menningar-, íþrótta- og félagsstarf.
  - Samnýting aksturs, styrkir til að sækja viðburði og tómstundir.
  - Íbúar komi að stefnumótun og áætlanagerð.
- Viðhalda íþrótta- og menningarstyrkjum.
- Hlúa að fjölmenningarstefnu.
  - Tengja fólk af erlendum uppruna við samfélögin.
  - Boðið verði upp á grunnkennslu í íslensku.
- Samræming skóla-, íþrótta- og félagsstarfs.



Menning, tómstundir og íþróttir

- Félags- og menningarlegur auður, gæði og vellíðan íbúa eru mikilvægir. málaflokkar hvort sem af sameiningu verður eða ekki.
- Efla viðburðadagatal .
- Stuðlað verði að fjölbreyttu samfélagi.
  - Hvetja sjálfstæð félagasamtök áfram.
  - Félagasamtök fái stuðning til að nýta aðstöðu sveitarfélagsins.
  - Samstarf um fræðslu og fyrirlesara.
- Áskoranir svipaðar hvort sem íbúar kjósa sameiningu eða ekki.
- Samfélagið er síbreytilegt og tækifærin fjölmörg.
- Þetta snýst ekki um að lifa af, heldur sjá tækifæri í breyttum aðstæðum og sækja fram.

Fræðslu- og félagsþjónusta

- Sveitarfélögin Norðurþing, Skútustaðahreppur, Þingeyjarsveit, Tjörneshreppur, Svalbarðshreppur og Langanesbyggð mynda saman eitt félagsþjónustusvæði.
  - Félagsþjónusta Norðurþings veitir íbúum allra sveitarfélaganna þjónustu samkvæmt samningi.
  - Fjölmenningarfulltrúi er starfandi hjá Norðurþingi, Skútustaðahreppi og Þingeyjarsveit samkvæmt þjónustusamningi.
- Sveitarfélögin Norðurþing, Skútustaðahreppur, Tjörneshreppur, Svalbarðshreppur og Langanesbyggð mynda saman eitt skólaþjónustusvæði.
  - Skólaþjónusta Norðurþings veitir skólum samstarfssveitarfélaganna þjónustu samkvæmt samningi.
- Í Þingeyjarsveit er skólaþjónusta á vegum hvors skóla.
  - Skólastjórar gera samninga um þjónustu við viðkomandi sérfræðinga.

Fræðslu- og félagsþjónusta

- Í sameinuðu sveitarfélagi er tækifæri til að standa að eigin skólaþjónustu.
- Möguleikar á auknu samstarfi milli skólastofnana og skólastjórnenda.
  - Þróun fjarkennslu.
  - Valáfangar.
  - Samnýting sérfræðiþekkingar.
- Möguleiki á að samræma heimaþjónustu og efla starfsemina.
- Framtíðarsýn.
  - Öflugir skólar sem veita þjónustu á öllum skólastigum.
  - Leik-, grunn- og tónlistarskólar starfi áfram á núverandi stöðum.
  - Gott samstarf milli skólanna til að tryggja félagslega möguleika nemenda og styrkja tengslanet.
  - Dagvistun fyrir eldri borgara komið á fót í nýja sveitarfélaginu.

Fræðslu- og félagsþjónusta



- Áskoranir sameinaðs sveitarfélags felast í að tryggja jöfn tækifæri á þjónustu.
  - Efla og samþætta ungmennastarf á svæðinu.
  - Koma í veg fyrir félagslega einangrun ungmenna.
  - Mikilvægt að þjónusta íbúa af erlendum uppruna.
- Varast þarf að jaðarsvæði verði útundan og að of mikil hagræðing komi niður á þjónustu.
- Mikilvægt að missa ekki
  - Skóla á öllum skólastigum.
  - Þjónustu við eldri borgara.
  - Nærþjónustu.
  - Sérstöðu og styrk hvers svæðis fyrir sig.

Skipulags- og umhverfismál

- Nú þegar er gott samstarf milli Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar í skipulags- og umhverfismálum.
  - Starfsaðstaða sameiginlegs skipulagsfulltrúa er á skrifstofu Skútustaðahrepps.
  - Starfsaðstaða sameiginlegs byggingarfulltrúa er á skrifstofu Þingeyjarsveitar.
- Áframhaldandi samstarf hvort sem sameining verður samþykkt eða ekki.
- Árið 2020 voru unnar skipulags- og matslýsingar fyrir Þingeyjarsveit og Skútustaðahrepp vegna endurskoðunar aðalskipulags.
  - Endurskoðun aðalskipulags er í vinnslu.
- Sameiginlegar áherslur í skipulagsmálum má yfirfæra á sameinað sveitarfélag.
- Stór hluti svæðisins flokkast undir hálendi Íslands.
- Náttúruperlur á hálendinu hafa mikið aðdráttarafl fyrir ferðafólk.

Skipulags- og umhverfismál

- Mikilvægt er að huga að umhverfismálum í sameinuðu sveitarfélagi
  - Landgræðsla.
  - Skógrækt.
  - Kolefnisbinding.
  - Endurheimt votlendis.
  - Orkuskipti í samgöngum.
  - Bætt net hjóla-, göngu- og reiðleiða.
- Skútustaðahreppur og Þingeyjarsveit eru gömul landbúnaðarhéruð.
  - Kúabú, nautaeldi, sauðfjárbú og skógarbændur.
- Sóknartækifæri í orkumálum sameinaðs sveitarfélags.
  - Jarðhitavirkjanir: Bjarnarflag, Krafla og Þeistareykir.
  - Vatnsaflsvirkjanir: Laxárvirkjun, Hólsvirkjun.
  - Heimavirkjanir í Þingeyjarsveit og Eyjardalsvirkjun í vinnslu.
  - Möguleg tækifæri í vindorkunýtingu.
- Gámasvæði að Stórutjörnum og Grímsstöðum.
  - Möguleikar á úrbótum í flokkun.
  - Svo sem lífrænn úrgangur og óvirkur úrgangur.

Skipulags- og umhverfismál

- Bæði áskoranir og tækifæri felast í sameiningu.
- Aðalskipulag
  - Það þarf að samræma stefnu í skipulags- og umhverfismálum.
  - Endurskoðun um stefnumótun og nýtingu landsvæðis.
  - Fjölgun íbúðarhúsa á lögbýlum.
- Einstaklingar í nefndum komi sem víðast að.
- Það þarf að huga að ólíku verklagi á milli sveitarfélaga.
- Standa þarf vörð um náttúruna og hvetja til úrbóta.
- Mikilvægt að varðveita landslagsheildir.

Samgöngumál

Framtíðarsýn

- Skorað verði á Alþingi og ríkisstjórn að bæta samgöngur innan svæðisins. Sérstök áhersla verði lögð á bundið slitlag á héraðs- og tengivegi og tengingar milli byggða, til dæmis um Engidalsveg.
- Að öruggar samgöngur verði tryggðar innan svæðisins og við nærliggjandi þjónustukjarna, svo um Ljósavatnsskarð.



Samstarfsverkefni

- Sveitarfélögin eru í umfangsmiklu samstarfi sín á milli:
  - Sameiginlegir skipulags- og byggingafulltrúar
  - Vinna aðalskipulagsgerð
  - Brunavarnir
  - Skjalastjórnun og persónuverndarmál
  - Atvinnuþróun og nýsköpunarmál
- Aðilar að 10 öðrum verkefnum:
  - Mývatnsstofa
  - Héraðsnefnd Þingeyinga bs.
  - Vatnajökulsþjóðgarður
  - Menningarmiðstöð Þingeyinga
  - Almannavarnanefnd
  - Hvammur, dvalarheimili
  - Náttúruverndarnefnd Þingeyinga
  - Barnaverndarnefnd Þingeyinga
  - Stjórn (SSNE) Eyþing
  - Þjónustusvæði Þingeyjarsýslu í félagsþjónustu, barnavernd og málefnum fatlaðs fólks
  - Fræðsluþjónustu Norðurþings (Skútustaðahreppur)

Fjármál og stjórnsýsla

- Með samstarfi sækja sveitarfélögin aukið bolmagn og rekstrarhagræði til að sinna þjónustu við íbúa.
- Samstarf sveitarfélaganna getur falið í sér ákveðið flækjustig við ákvarðanatöku og dregið úr skilvirkni.
- Sveitarfélögin eru umfangsmiklir kaupendur á sérfræðiþjónustu og upplýsingakerfum.
- Á vegum sveitarfélaganna eru ekki sérstakir starfsmenn sem sinna mannauðsmálum, skjalastjórnun, lögfræðilegri ráðgjöf, persónuverndarmálum eða upplýsingatækni.
- Ein helsta áskorun sameinaðs sveitarfélags þegar kemur að skipulagi stjórnsýslu eru fjarlægðir.
- Mikilvægt er að tryggja þjónustu og aðgengi íbúa að stjórnsýslu.
- Breytingar í lagaumhverfi sveitarfélaga og auknar kröfur í stjórnsýslu verða áskoranir hvort sem sveitarfélögin sameinast eða ekki.

Tækifæri

- Tækifæri til einföldunar á ákvarðanatöku og aukinnar skilvirkni, sérstaklega hvað varðar samstarfsverkefni.
- Tækifæri til að fækka kjörnum fulltrúum og hækka laun eða draga úr kostnaði.
- Tækifæri til aukinnar þátttöku íbúa með stafrænum lausnum.
- Svigrúm til hagræðingar við innkaup á sérfræðiþjónustu og upplýsingatækni.
- Hagræðing skapar tækifæri til að ráða starfsfólk og/eða breyta hlutverkum starfsmanna á skrifstofu og auka þannig sérhæfingu í störfum, svo sem á sviði;
  - Stafrænnar stjórnsýslu og upplýsingatækni.
  - Skjalastjórnunar.
  - Mannauðsmála.
  - Lögfræði- og persónuverndarmála.

Tillaga að stjórnskipulagi

- Níu manna sveitarstjórn.
- Starf sveitarstjórnarfulltrúa skilgreint sem ákveðið starfshlutfall.
- Nefndakerfið byggi á fimm fastanefndum.
  - Skipulagsnefnd.
  - Umhverfisnefnd.
  - Fræðslu- og íþróttanefnd.
  - Atvinnu- og nýsköpunarnefnd.
  - Velferðar- og menningarmálanefnd.
- Formenn nefnda verði skipaðir fulltrúum úr sveitarstjórn til að auðvelda upplýsingagjöf.
  - Skilgreindur verði starfsmaður með hverri nefnd.
  - Nefndir fundi reglulega á hefðbundnum vinnutíma.



Tillaga að stjórnskipulagi

- Stjórnsýslu skipt upp í þrjú svið:
  - Stjórnsýslu- og fjármálasvið.
  - Fræðslu- og velferðarsvið.
  - Umhverfis- og framkvæmdasvið.
- Sveitarstjóri og þrír aðrir stjórnendur, hver á sínu sviði.
- Starfsstöðvar fleiri en ein þar sem íbúar geta nálgast þjónustu.
- Þátttaka íbúa aukin með stafrænum hætti, íbúagátt og samtal á opnum fjarfundum.
- Stafræn stjórnsýsla og sveigjanleg þjónusta.
  - Auðvelda íbúum að sækja um og nálgast þjónustu sveitarfélagsins með stafrænum lausnum.

Stjórnskipulag

- Núverandi staða
  - Fulltrúar í sveitarstjórnum eru 12. Að auki sitja 64 fulltrúar í 12 nefndum og ráðum á vegum sveitarfélaganna.
  - Þá eru ótalin hlutverk fulltrúa sveitarfélaganna í samstarfsverkefnum.
  - Árlegur kostnaður við sveitarstjórnir og nefndir eru alls 106 m. kr.
- Sameinað sveitarfélag.
  - Áætlað að fjöldi kjörinna aðalfulltrúa í sveitarstjórn verði 9 og í nefndum, stjórnum og ráðum verði 25 kjörnir fulltrúar. Alls 34.
  - Þar að auki verði starfandi ungmennaráð, öldungaráð og notendaráð.
  - Fulltrúum í samstarfsverkefnum fækkar lítillega.

Fjármál

STÆRSTA SVEITARFÉLAG LANDSINS... ER VIRKILEGA HVERGI HÆGT AÐ KOMA SORPINU FYRIR?

Fjármál sveitarfélaga

- Starfsemi sveitarfélaga skiptist í A-hluta og B-hluta sem saman mynda samstæðu sveitarfélagsins.
- A-hluti er aðalsjóður sveitarfélags auk annarra sjóða og stofnana sem sinna starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð af skatttekjum.
- Undir B-hluta falla stofnanir sveitarfélags, fyrirtæki og aðrar rekstrareiningar sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu sveitarfélags og eru reknar sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar.
- Eftirfarandi greining byggir á ársreikningum sveitarfélaganna vegna ársins 2019 og gildandi fjárhagsáætlunum til ársins 2024.
- Tölur eru settar fram í þúsundum króna.

Tekjur sveitarfélaganna árið 2019





- Myndirnar sýna heildartekjur hvers sveitarfélags og sameinaðs, hvernig tekjur skiptast niður og heildartekjur á hvern íbúa.
- Heildartekjur sameinaðs sveitarfélags yrðu um 1,8 ma. kr. á ári.
- Um 59% tekna sameinaðs sveitarfélags eru útsvar og fasteignaskattur.
- 20% frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og 21% aðrar tekjur.
- Heildartekjur sameinaðs sveitarfélags á hvern íbúa eru um 1,3 m. kr.



RÁÐGJÖF

ÞINGEYINGUR

Rekstrargjöld* árið 2019

*Án afskrifta og fjármagnsliða





- Myndirnar sýna heildargjöld hvers sveitarfélags og sameinaðs, hvernig gjöld skiptast niður og heildargjöld á hvern íbúa.
- Heildargjöld sameinaðs sveitarfélags yrðu rúmlega 1,6 ma. kr.
- Um 60% gjalda sameinaðs sveitarfélags eru laun og launatengd gjöld og 39% annar rekstrarkostnaður. Um 0,4% gjalda er breyting vegna lífeyrisskuldbindinga.
- Heildargjöld sameinaðs sveitarfélags á hvern íbúa eru um 1,22 m. kr.



RR RÁÐGJÖF

ÞINGEYINGUR

Rekstrarniðurstaða árið 2019



- Myndirnar sýna rekstrarniðurstöðu sveitarfélaganna árið 2019 í sitt hvoru lagi og sameinað og á hvern íbúa.
- Rekstrarafgangur sameinaðs sveitarfélags hefði verið rúmar 41 m. kr.
- Rekstarniðurstaða hefði verið jákvæð á hvern íbúa sem nemur 30 þ.kr. í sameinuðu sveitarfélagi



RR RÁÐGJÖF

ÞINGEYINGUR

Eignir í árslok 2019



- Myndirnar sýna heildareignir hvors sveitarfélags og sameinaðs og skiptingu á hvern íbúa.
- Heildareignir sameinaðs sveitarfélags eru um 1.900 m.kr.
- Heildareignir á hvern íbúa sameinaðs sveitarfélags eru um 1,3 m.kr.



Skuldir og skuldbindingar í árslok 2019



- Myndirnar sýna skuldir og skuldbindingar hvors sveitarfélags, sameinaðs sveitarfélags og á hvern íbúa.
- Heildarskuldir og -skuldbindingar sameinaðs sveitarfélags væru 891 m. kr.
- Skuldir og skuldbindingar á hvern íbúa sameinaðs sveitarfélags væru um 650 þ. kr.



Fjárfestingar- og viðhaldsáætlanir

- Ráðist hefur verið í fjárfestingarverkefni til að bregðast við því ástandi sem Covid-19 heimsfaraldur hefur skapað.
- Samanlagt áætla Skútustaðahreppur og Þingeyjarsveit að fjárfesta fyrir um 751 m.kr. á næstu 10 árum.
- Auk þess hafa verið til umræðu fjárfestingarverkefni fyrir um 596 m.kr. sem ekki hafa verið staðfest í fjárhagsáætlunum til næstu ára.
- Áætlaður kostnaður við viðhald eigna sveitarfélaganna tímabilið 2021-2031 er 831 m.kr.



Eigið fé og eiginfjárhlutfall 2019

- Myndirnar sýna eigið fé og eiginfjárhlutfall hvers sveitarfélags og sameinaðs.
- Eigið fé sameinaðs sveitarfélags eru rétt undir 1 ma. kr.
- Eiginfjárhlutfall sameinaðs sveitarfélags er 52%. Hlutfallið sýnir hlutfall eigin fjár af heildarfjármagni hins sameinaða sveitarfélags.





Veltufé frá rekstri í hlutfalli við tekjur 2019

- Myndin sýnir veltufé frá rekstri í hlutfalli við tekjur hvors sveitarfélags um sig og sameinaðs sveitarfélags.
- Veltufé frá rekstri væri 4% af heildartekjum A og B hluta sameinaðs sveitarfélags.
- Hlutfallið segir til um getu sameinaðs sveitarfélags til að fjárfesta og standa undir afborgunum lána sem hlutfall af tekjum.



Skuldaregla



- Skv. reglugerð nr. 502/2012 má skuldahlutfall ekki vera hærra en 150%.
- Skuldahlutfall er hlutfall skulda og skuldbindinga A- og B-hluta í reikningsskilum af reglubundnum árstekjum sveitarfélags.
- Myndirnar sýna skuldahlutfall hvors sveitarfélags um sig og sameinaðs sveitarfélags árið 2019 og áætlaða þróun til ársins 2024.
- Sveitarfélögin standast þetta viðmið sitt í hvoru lagi og sameinuð.

Framlög Jöfnunarsjóðs vegna sameiningar

- Myndin sýnir annars vegar framlög áætluð miðað skuldastöðu í ársreikningum sveitarfélaganna 2019 og hins vegar miðað við skuldastöðu í fjárhagsáætlunum ársins 2021.
  - Skuldajöfnunarframlag
  - Byggðaframlag
  - Fast framlag
- Samkvæmt ársreikningum ársins 2019 eru áætluð framlög Jöfnunarsjóðs vegna sameiningarinnar um 384 m.kr.
- Aukin skuldsetning og fækkun íbúa á árinu 2021 munu líklega leiða til þess að þau hækki.
- Samkvæmt fjárhagsáætlunum ársins 2021 eru áætluð framlög Jöfnunarsjóðs vegna sameiningarinnar um 673 m.kr.
- Auk þeirra framlaga veitir Jöfnunarsjóður framlög vegna:
- Undirbúnings og atkvæðagreiðslu, 29. m.kr.
- Skerðingar á útgjalda- og tekjujöfnunarframlögum til næstu fimm ára, 75 m.kr.
- Greiðslur sameiningarframlaga myndu hefjast árið 2022 og dreifast á 7 ára tímabil.
- Óvissa er um hvernig ný sveitarstjórn myndi ráðstafa framlögunum, þ.e. hve mikið af þeim fara í niðurgreiðslu skulda og hve mikið til rekstrar.



Fyrirvari:
Áætlaðar upphæðir byggðar á fjárhagsáætlunum sveitarfélaganna fyrir árið 2021. Verði af sameiningu sveitarfélaganna munu framlögin byggja á ársreikningum ársins 2021

Áhrif sameiningar

- Verði sameining samþykkt mun sameinað sveitarfélag taka til starfa í júní 2022 í kjölfar reglulegra sveitarstjórnarkosninga.
- Fyrsta heila fjárhagsár verður 2023.
- Í greiningunni er ekki gert ráð fyrir hagræðingu vegna sameiningarinnar.
- Gera má ráð fyrir breytingakostnaði fyrstu 2-3 árin.
- Að teknu tilliti til sameiningarframlaga eru vísbendingar um að sameinað sveitarfélag nái rekstarjafnvægi 2024 og að reksturinn standi undir afborgunum lána frá þeim tíma.

Árin eftir heimsfaraldur 2022-2024

- Byggt er á samþykktum fjárhagsáætlunum. Mikil óvissa er í áætlunum vegna heimsfaraldurs.
- Sveitarfélögin gera ráð fyrir áframhaldandi hallarekstri en að staða sveitarsjóða muni batna jafnt og þétt á tímabilinu.
- Afborganir lána tvöfaldast frá tímabilinu 2017-2019 vegna aukinnar skuldsetningar, og fyrirsjáanlegt er að rekstur sveitarfélaganna eiga erfitt með að standa undir þeim.
- Fjárfestingar á tímabilinu og verða samanlagt um 375 mkr.
- Lántökur verða samanlagt um 400 mkr.
- Gangi áætlanir eftir verður rekstur sveitarfélaganna líklega erfiður næstu ár hvort heldur sem er saman eða í sitthvoru lagi.
- Ef ferðaþjónustan tekur fljótt við sér má búast við að afkoma sveitarfélaganna batni mjög hratt.

Skattheimta og gjaldskrár

- Bæði sveitarfélögin innheimta hámarksútsvar, eða 14,52%.
- Álagningarhlutföll fasteignagjalda eru sambærileg og fasteignamat svipað, nema í Flatey þar sem það er lægra en á öðrum matssvæðum.
- Samanburður byggður á viðmiðunarhúsi leiðir í ljós að fasteignagjöld á íbúðarhúsnæði munu lítið breytast við sameiningu sveitarfélaganna.
- Leikskólagjöld í Þingeyjarsveit eru um 1.000 kr. lægri en í Skútustaðahreppi á mánuði.
- Hvorugt sveitarfélagið innheimtir gjöld af nemendum fyrir skólamat.
- Tónlistarskólagjöld eru um 7.000 kr. lægri í Skútustaðahreppi á önn.
- Mestur munur er á gjaldi fyrir félagslega heimaþjónustu, sem er nærri helmingi lægra í Þingeyjarsveit en í Skútustaðahreppi.

Fasteignagjöld

- Fasteignaskattur og -gjöld reiknuð út frá einbýlishúsi í þéttbýli sem er 161,1 m^2 að grunnfleti. Stærð lóðar er 808m^2
- Mismunur í fasteignagjöldum milli sveitarfélaganna liggur fyrst og fremst í lægri sorphirðu- og sorpeyðingargjöldum í Skútustaðahreppi.
- Munar rúmum 8.000 kr. á ári sem skýrist af meiri akstursvegalengdum í Þingeyjarsveit.



Sveitarfélag	Matssvæði	Fasteignaskattar	Lóðarleiga	Vatnsveita	Sorpgjöld	Fráveita
Skútustaðahreppur	Reykjahlíð	0,625%	8.484	0,15%	46.449	0,255%
Skútustaðahreppur	Suður-Þingeyjarsýsla	0,625%	8.484	0,15%	46.449	0,255%
Þingeyjarsveit	Flatey á Skjálfanda	0,625%	1,00%	0,21%	54.795	0,12%
Þingeyjarsveit	Suður-Þingeyjarsýsla	0,625%	1,00%	0,21%	54.795	0,12%

Dæmi um þjónustugjöld





RÁÐGJÖF

ÞINGEYINGUR

Félagsleg heimaþjónusta

- Fyrir þjónustu samkvæmt reglugerð um heimilisþjónustu.
- Gjaldið segir til um gjald notenda fyrir hverja unna klukkustund í heimaþjónustu.
- Gjaldflokkar eru fjórir og miðast við tekjur notenda.
- Þeir sem lægstar hafa tekjur eru í fyrsta gjaldflokki og greiða ekkert. Gjaldið stighækkar í samræmi við hækkandi tekjur notanda.





Skilabréf og álit samstarfsnefndar

Samkvæmt 119. gr. sveitarstjórnarlaga skal samstarfsnefnd skila áliti sínu um sameiningu til sveitarstjórna sem taka málið á dagskrá og hafa um það tvær umræður án atkvæðagreiðslu.

Að lokinni síðari umræðu sveitarstjórna skal fara fram atkvæðagreiðsla meðal íbúa sveitarfélaganna um sameininguna.

Í júní 2019 samþykktu sveitarstjórnir Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar að skipa samstarfsnefnd um sameiningu sveitarfélaganna samkvæmt 1. mgr. 119. gr. sveitarstjórnarlaga.

Eftirtalin voru skipuð í samstarfsnefnd.

Skútustaðahreppur

- Halldór Þorlákur Sigurðsson
- Helgi Héðinsson
- Ragnhildur Hólm Sigurðardóttir
- Þorsteinn Gunnarsson fyrrverandi sveitarstjóri starfaði með nefndinni þar til í júní 2020. Sveinn Margeirsson tók við starfinu í ágúst.

Varamenn

Elísabet Sigurðardóttir og Friðrik Jakobsson

Þingeyjarsveit

- Arnór Benónýsson
- Jóna Björg Hlöðversdóttir
- Margrét Bjarnadóttir
- Dagbjört Jónsdóttir sveitarstjóri starfaði með nefndinni.

Varamenn

Árni Pétur Hilmarsson og Sigríður Hlynur Snæbjörnsson

Samstarfsnefndin hefur haldið 18 bókaða fundi. Arnór Benónýsson var formaður nefndarinnar til 15. apríl 2020 og þá tók Helgi Héðinsson við. Fundir nefndarinnar fóru ýmist fram rafrænt, eða á fundarstað í Skútustaðahreppi og Þingeyjarsveit. Við upphaf verkefnisins voru haldnir íbúafundir í báðum sveitarfélögum og samráðsfundir með starfsmönnum. Þá voru haldnir fjórir rafrænir íbúafundir í febrúar 2021 þar sem verkefnið var kynnt og sjónarmiða íbúa leitað. Samstarfsnefnd skipaði fimm starfshópa sem fjölluðu um málaflokka sveitarfélaganna og lögðu fram efni og upplýsingar í greiningu og tillögugerð. Tillaga samstarfsnefndar er m.a. byggð á hugmyndum og ábendingum sem komu fram í samráðsferli með íbúum og starfsmönnum.

Samstarfsnefnd réði RR ráðgjöf til að annast verkefnisstjórn verkefnisins, og aðstoða við stöðumat og tillögugerð. Greining samstarfsnefndar birtist í *Þingeyingur-stöðugreining og forsendur* dags. 9. mars 2021.

Með vísan til þeirrar greiningar er það álit nefndarinnar að fram skuli fara atkvæðagreiðsla meðal íbúa um sameiningu sveitarfélaganna í eitt. Kynningarefni fyrir atkvæðagreiðslu mun byggja á þeirri greiningu og forsendum sem líst er í greiningunni.

Lagt er til að atkvæðagreiðsla fari fram **5. júní 2021** í sveitarfélögunum. Atkvæðagreiðslan skal fara fram skv. lögum um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998. Í 5.mgr. 119.gr. sveitarstjórnarlaga er kveðið á um að sveitarstjórn láti gera atkvæðaseðil til afnota við atkvæðagreiðsluna. Það form skal staðfest af ráðuneytinu. Með skilabréfi þessu fylgir tillaga að kjörseðli sem er unnin skv. fyrirmynd frá ráðuneytinu.

Samstarfsnefnd bendir sveitarstjórnum á að undirbúa þarf kjörstjórnir sveitarfélaganna fyrir atkvæðagreiðslu og að embætti sýslumannsins á Norðurlandi eystra verði upplýst um fyrirhugaða atkvæðagreiðslu. Auk þess er mikilvægt að eiga samráð við sveitarstjórnarráðuneytið um framkvæmd atkvæðagreiðslunnar.

Samstarfsnefnd hefur nú lokið því verkefni sem nefndinni var falið með samþykkt sveitarstjórnanna í júní 2019 og leggur fram álit sitt. Samkvæmt 2.mgr. 119.gr. Sveitarstjórnarlaga skulu sveitarstjórnir taka málið á dagskrá og hafa tvær umræður um málið án atkvæðagreiðslu.

Vakin er athygli á því að sveitarstjórnir þurfa að taka ákvörðun um hvort kynningarferli tillögunnar og undirbúningur atkvæðagreiðslu verði á höndum samstarfsnefndar eða sveitarstjórnanna sjálfra.

Lagt er til að samstarfsnefnd verði falin þau verkefni. Kynning tillögu og helstu forsendna fyrir íbúum sveitarfélaganna, skal hefjast eigi síðar en 31. mars. Með greinargerð þessari fylgir tillaga að auglýsingu í Lögbirtingablaðinu.

Samstarfsnefnd þakkar það traust sem henni hefur verið sýnt í störfum sínum.

Virðingarfyllst f.h. samstarfsnefndar

_____

Helgi Héðinsson, formaður

Tillaga að kjörseðli

Samstarfsnefnd hefur kynnt tillögu um sameiningu Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar í eitt sveitarfélag.
Samþykkir þú tillögu um sameiningu Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar?

Þeir sem samþykkja tillöguna setji kross í ferninginn fyrir framan ,,Já”
Þeir sem samþykkja ekki tillöguna setji kross í ferninginn fyrir framan ,,Nei”

☐ Já ☐ Nei

Tillaga að auglýsingu í Lögbirtingablaði

Samstarfsnefnd um sameiningu Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar leggur til að eftirfarandi auglýsing verði birt í Lögbirtingablaði og öðrum fjölmiðlum, sbr. 4. mgr. 119. gr. sveitarstjórnarlaga, eftir að tillagan hefur fengið tvær umræður í sveitarstjórnum sveitarfélaganna:

Tillaga um sameiningu Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar

Samstarfsnefnd um sameiningu Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar hefur unnið greinargerð um sameiningu sveitarfélaganna. Með vísan til þeirrar greiningar er það álit nefndarinnar að fram skuli fara atkvæðagreiðsla meðal íbúa sveitarfélaganna um sameiningu sveitarfélaganna í eitt.

Álit nefndarinnar og greinargerð hafa fengið tvær umræður í sveitarstjórnum sveitarfélaganna, án atkvæðagreiðslu, samkvæmt 2. mgr. 119. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Atkvæðagreiðsla um tillögu um sameiningu sveitarfélaganna fer fram laugardaginn 5. júní 2021 í báðum sveitarfélögunum. Við ákvörðun um kjördag hefur þess verið gætt að tillagan verði kynnt íbúum með a.m.k. tveggja mánaða fyrirvara eins og áskilið er í 4.mgr. 119. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

26. mars 2021

Undirritun sveitarstjóranna eða oddvita fyrir hönd sveitarfélaganna.

RR RÁÐGJÖF

Hverfisgata 4
101 Reykjavík
rrradgjof.is
robert@rrradgjof.is
649-5535